

# Forgangsröðun umsókna um nýliðunarstuðning

Byggir á heimild 16. gr. reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning við landbúnað

Hámarks stigafjöldi umsóknar er 25 stig. Umsóknir eru flokkaðar í þrjá forgangshópa:

- Forgangshópur 1: 18 -25 stig
- Forgangshópur 2: 13 -17 stig
- Forgangshópur 3: 1 -12 stig

Fjármagni er fyrst úthlutað til forgangshóps 1, ef allir innan hans hafa fengið hámarksstuðning skv. 17. gr. reglugerðarinnar er eftirstandandi fjármagni úthlutað til forgangshóps 2. Ef forgangshópur 2 hefur fengið hámarksstuðning og fjármagn eftir, er eftirstöðvum úthlutað til forgangshóps 3.

Hjón/sambúðaraðilar standa sem einstaklingar að umsókn.

## A. Menntun – hámark 11 stig

Stigahæsta menntun gildir

- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu námi í búfræði eða garðyrkju og framhaldsnámi á sviði landbúnaðar 10 stig
- Umsækjandi hefur lokið framhaldsnámi á sviði landbúnaðar við viðurkenndan háskóla 9 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla á sviði landbúnaðar, 8 stig
- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu námi í búfræði eða garðyrkju 8 stig
- Umsækjandi hefur lokið öðru framhaldsnámi við viðurkenndan háskóla 6 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla 5 stig
- Umsækjandi er með viðurkennda iðnmenntun 5 stig
- Umsækjandi er með stúdentspróf sem hæsta menntunarstig 2 stig
- Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði um menntun hér að ofan 0 stig

## B. Jafnréttissjónarmið - hámark 2 stig

Umsækjandi fær stig í öfugu hlutfalli við kynjahlutdeild sína í umsækjendahópi. Dæmi: Ef konur eru 40% umsækjenda fá konur 2 stig, en karlmenn 1 stig eftir samsetningu umsóknarhóps hverju sinni.

## C. Heildarmat á umsókn – hámark 12 stig

- Mat á rökstuðningi umsóknar
  - Viðunandi rökstuðningur 1 stig
  - Óviðunandi rökstuðningur 0 stig
- Mat á 5 ára rekstraráætlun og niðurstöðu hennar (framlegð)
  - Framlegð jákvæð 2 stig
  - Framlegð neikvæð 0 stig
- Mat á eignarhlut
  - 80-100% 3 stig
  - 40-79,9% 2 stig
  - 25-39,9% 1 stig
- Mat á starfsreynslu í landbúnaði frá 14 ára aldri
  - 12+ ár 6 stig
  - 10-11 ár 5 stig
  - 7-9 ár 4 stig
  - 5-6 ár 3 stig
  - 2-4 ár 2 stig
  - 1-2 ár 1 stig
  - Engin starfsreynsla 0 stig